

Sveinspróf í málaraíðn

Prófbáttalýsing

Ágæti próftaki.

Lýsing á verklegum hluta

Tveir gifsplötuveggir, annar 1.20 x 2.40 hinn 1.50 x 2.40, mætast í kverk sem á að sparslast. Einnig skulu samskeyti platna spörtluð og settir í borðar eða grisja og kantar sparslaðir. Veggir skulu grunnaðir, blettsparslaðir og málaðir þannig að áferð myndi gallalaus heild. Samtals eru veggfletir 7 m². **Veggmynd og veggfletir málaðir með hefðbundinni innanhússmálningu með 7% - 10% gljástigi.**

Veggur 1 - Vinstri hlið

1.20 x 2.40. Á neðri hluta þessa veggjar skal lasúera með minnst tveimur litum að vali próftaka, stærð 1.20 x 1.20. Á efri hluta veggjarins skal mála með þekjandi málningu, logó, eða ártal uppgefið af prófnefnd. Í þennan hluta má nota plotter.

Veggur 2 - Miðja

1.50 x 2.40. Á þennan vegg hluta skal mála veggmyndina sem skal framvísa í byrjun sveinsprófs á pappír í stærðinni 30 cm x 42 cm. Prófnefnd ákveður í hvaða stækkun hún verður. Mjög mikilvægt er að hún sé stækkuð í réttum hlutföllum og sé í sömu litum og fyrirmyndin. Skreytingin skal bæði hafa beinar línur og bognar og að lágmarki í þremur litum.

Veggur 3 - Hægri hlið

Á þessum vegg er gömul eða ný hurð, sem skal lakkast með háglansandi vatnsþynntu lakki, í einum lit. Vinnulýsing hurðar. Kvistalakk, grunnun, spartlað eftir þörfum þannig að flötur sé sléttur og gallalaus, grunnaður, málaður, slípaður undir lakk og lakkaður með pensli. Áferð og útlit skal vera slétt, ryklaust og án galla.

Límbönd eru eingöngu leyfð til vörslu en ekki til skurðar. Öll efni eru vatnsþynnt og skal próftaki leggja sér þau til ásamt þeim verkfærum sem til þarf. Ryksuga skal notuð við slípun. Boðið er upp á 45 min spartl, bréf- og grisjuborðar og grunnur fyrir gifs. Önnur efni og verkfæri skal próftaki koma með sér.

Skriflegt próf: 10 spurningar um fagið, efnafræði og vinnuaðferðir. 2 tímar.

Litalögun: 2 litir lagaðir eftir prufum. 3 tímar. Blandað úr höfuðlitum NCS litakerfisins.

Athugið að umgengni á prófstað er hluti af prófinu. Heildartími allra þátta sveinsprófsins eru samanlagt 40 tímar.

Þeir nemendur sem telja sig þurfa sérúrræði í prófum er bent á að hafa samband við náms- og starfsráðgjafa Iðunnar sími. 5906400 og radgjof@idan.is fyrir 15. des nk.

Virðingarfyllt, f.h. sveinsprófsnefndar í málaraíðn.

Erlendur Eiríksson